

**FUNDARBOÐ**

**3. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar  
verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 13. ágúst  
2026 og hefst kl. 16:00**

**Dagskrá:**

**Almenn mál**

- 1. 2606093 - Endurskoðun samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags**  
Síðari umræða um endurskoðun samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags
- 2. 2409326 - Fjölskyldunefnd Borgarbyggðar**  
Í tengslum við seinni umræðu um endurskoðun samþykktar um stjórn sveitarfélagsins þar sem m.a. er lögð til stofnunar Fjölskyldunefndar Borgarbyggðar eru hér lögð fram að nýju drög að erindisbréfi nefndarinnar.
- 3. 2606011 - Kosning í ráð og nefndir 2026 - 2030**  
Kosning tveggja aðalmanna í stjórn Nemendagarða MB ehf.
- 4. 2606011 - Kosning í ráð og nefndir 2026 - 2030**  
Samkvæmt lögum Þróunarfélags Grundartanga skulu vera 6 stjórnarmenn hjá félaginu og því þarf að bæta einum stjórnarmanni við frá Borgarbyggð en sá fulltrúi var tilnefndur af Skorradalshreppi.  
  
Jafnframt þarf að kjósa varamann.
- 5. 2606011 - Kosning í ráð og nefndir 2026 - 2030**  
Menningarsjóður Borgarbyggðar: Kosning fimm aðalmanna og fimm til vara.
- 6. 2606011 - Kosning í ráð og nefndir 2026 - 2030**  
Í Borgarbyggð starfar formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslun
- 7. 2606011 - Kosning í ráð og nefndir 2026 - 2030**  
Kosning eins fulltrúa og annars til vara í Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland.

**8. 2606011 - Kosning í ráð og nefndir 2026 - 2030**

Kosning í ungmennaráð samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu fráfarandi ungmennaráðs.

**9. 2607029 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Fjólukl. v Kveldúlfshöfða**

Afgreiðsla 1. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010. Breytingin á við um svo óveruleg frávík að hagsmunir nágranna skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málsmeðferð verður skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Samþykkt samhljóða."

**10. 2606285 - Breyting á deiliskipulagi - Ugluklettur - leikskólalóð**

Afgreiðsla 1. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010. Breytingin á við um svo óveruleg frávík að hagsmunir nágranna skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málsmeðferð verður skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Samþykkt samhljóða."

**11. 2603343 - Hvítárbakki 7 - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - L179429**

Afgreiðsla 1. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lýsingu og vinnslutillögu til auglýsingar samtímis fyrir Hvítárbakka 7 skv. 30. gr. skipulagslaga 123/2010. Samþykkt samhljóða."

**12. 2604255 - Varmalækur - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 133917**

Afgreiðsla 1. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að hafna umsókninni á grundvelli þess að fyrirhuguð skógrækt stangast á við þær heimildir sem tilgreindar eru varðandi landbúnaðarland í flokki I í gildandi aðalskipulagi. Samþykkt samhljóða."

**13. 2604095 - Þrúðarsel - umsókn um stofnun lóða - L197245**

Afgreiðsla 1. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að stofnuð verði 6.552,4 m<sup>2</sup> lóð, Sobbasel, úr upprunalandinu Hofstaðir (L134879) þegar merkjalýsandi hefur afmarkað lóðina í landeignaskrá HMS og skilað inn undirrituðum gögnum til sveitarfélagsins. Lóðin fer í notkunarflokkinn sumarbústaðalóð. Samþykkt samhljóða."

**14. 2604250 - Skjólabyggð 1 - umsókn um stofnun lóða - L212994**

Afgreiðsla 1. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja stækkun lóðarinnar Skjólabyggð 1. Nefndin bendir á að lóðin er á svæði sem skilgreint er í deiliskipulagi sem svæði til síðari ráðstafana og ef uppbyggingin á að hefjast á því svæði skal uppfæra deiliskipulag.  
Samþykkt samhljóða."

10.08.2026  
Unnur Brá Konráðsdóttir, sveitarstjóri.